

## **Erindisbréf fyrir Viðburða- og menningarmálanefnd Kjósarhrepps.**

Viðburða- og menningarmálanefnd Kjósarhrepps er skipuð af hreppsnefnd Kjósarhrepps og í henni skulu sitja þrír fulltrúar og jafn margir til vara. Kjörtímabil fulltrúa miðast við kosningar til sveitarstjórnar. Á fyrsta fundi fer fram kjör formanns og ritara.

Formaður boðar fundi með dagskrá. Nefndin heldur fundi þegar verkefni liggja fyrir. Allar tillögur sem fram eru bornar skulu skráðar svo og samþykktir og ályktanir. Fundargerð nefndarinnar er færð í tölvu. Skrá skal í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðarbók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Skulu allir viðstaddir undirrita útprentaða fundargerðina, sem fara skal til varðveislu í sérstakri möppu. Skal fundargerðin birt á heimasíðu Kjósarhrepps innan 5 daga.

Nefndarmaður hefur ekki atkvæðisrétt um mál sem varða hann sjálfan eða náið skyldmenni hans og skal hann í slíkum tilfellum víkja af fundi. Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau einkamál er rædd kunna að vera á fundum. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann láta formann vita um forföll með góðum fyrirvara og formaður boðar þá fyrsta varamann.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst verða samkvæmt lögum og í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa

Hlutverk nefndarinnar er að:

- Efla ímynd sveitarfélagsins
- Skoða möguleika á að efla sögu- og matartengda ferðaþjónustu í sveitarfélaginu
- Koma með hugmyndir um hvernig Kjósinn geti orðið enn frekar aðdráttarafl fyrir útivistarhópa, gönguhópa og ferðamenn
- Hafa umsjón með bókasafni, gera tillögur um starfstilhögun og rekstur þess og styðja við hvers konar menningarviðburðum í Kjósarhreppi
- Hafa umsjón með Kátt í Kjós, Jólamarkaði, 17. Júní hátíð, þrettándagleði og vinna stefnumótun um hvorn viðburð
- Fjalla um þau mál er sveitarstjórn felur nefndinni hverju sinni
- Nefndin getur tekið upp ákveðin mál og vísað til hreppsnefndar

### ***Gildistaka***

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnalega nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum. Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn Kjósarhrepps og tekur gildi 4. september 2018.